



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18. september 2019  
SFS2019090108  
171. fundur  
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi ráðningar á skóla- og frístundasviði***

Á 168. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það í hvað mörg stöðugildi á eftir að ráða hjá frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar.*

**Svar:**

Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. september 2019, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### *Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 16. september 2019*

Dagana 16 til 17. september 2019 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Samkvæmt svörum þeirra á eftir að ráða í 38,1 grunnstöðugildi í leikskólum, 22,0 stöðugildi í grunnskólum og 41,7 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 38,1 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun<sup>1</sup>. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 34 stöðugildi miðað við síðasta ár þar sem leikskólarymum fjölgar um 66 í viðbótarhúsum við fjóra leikskóla (14 stöðugildi) og barngildi 5 ára barna breytast úr 0,9 í 1 (20 stöðugildi). Þegar miðað er við starfsmannafjölda leikskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 97,6% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 22,0 stöðugildi. Þess ber að geta að nú í haust er áætluð aukin starfsmannapörf um 10 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda. Þegar miðað er við starfsmannafjölda grunnskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 99% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 41,7 stöðugildi. Þegar miðað er við starfsmannafjölda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva í maí á þessu ári er búið að ráða í 91% stöðugilda.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfssemi og borgarhlutum.

#### Staða ráðninga 19. ágúst 2019

Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
Leikskólar	8,0	3,0	6,3	7,0	13,8	38,1
Grunnskóla	6,3	6,5	0,9	2,8	5,5	22,0
Frístundaheimili/sérstæk félagsmiðstöð	5,5	7,0	3,0	16,5	9,7	41,7
<i>Fjöldi stm í fríst.starfi</i>	<i>11</i>	<i>14</i>	<i>6</i>	<i>43</i>	<i>14</i>	<i>96</i>

<sup>1</sup>Auk þeirra 38,1 stöðugildis sem á eftir að ráða í leikskóla nú í september miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 10,4 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 16,5 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,3 í önnur störf, samtals 27,2 stöðugildi.

## **Leikskólar**

Í leikskólana á eftir að ráða í 38,1 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss. Þessi stöðugildi skiptast svo á starfsheiti: 3 stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra, 4 stöðugildi deildarstjóra, 20 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 4 stöðugildi sérkennslustjóra og 7 stöðugildi í stuðning.

Auk þeirra 38,1 stöðugildis sem á eftir að ráða í leikskóla nú í september miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 10,4 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 16,5 stöðugildi í veikindaafleysingar og 0,3 í önnur störf, samtals 27,2 stöðugildi

Eins og fram hefur komið fjölgar stöðugildum í leikskólum um 34 vegna stækkunar leikskóla og breytinga á barngildum.

Í stöðumati frá 14. ágúst 2019 átti eftir að ráða í 60,2 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þessa barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss.

Í stöðumati frá 12. september 2018 átti eftir að ráða í 38,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Auk þess átti eftir að ráða 23,5 stöðugildi í afleysingu.

16. september 2019 er búið að ráða í 97,6% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 12. september 2018 var búið að ráða í 97,5% stöðugilda.

Samkvæmt upplýsingum um stöðu ráðninga í leikskólum Reykjavíkur sem var gerð 16. – 17. september sl. hefur staðan í starfsmannmálum haft áhrif á inntöku samtals 13 barna sem búið er að lofa leikskólaplássi í þremur leikskólum. Jafnframt hefur einn leikskóli þurft að skerða þjónustu með því að senda 15 börn heim daglega þannig að vistun barns skerðist um einn dag á hálfmánaðar fresti.

## **Grunnskólar**

Í grunnskólana vantar núna 22,0 stöðugildi, þar af 6,7 stöðugildi kennara, 5 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 8,8 stöðugildi skólaliða, 1 stöðugildi þroskaþjálfara og 0,5 stöðugildi ritara.

Þess má geta að nú í haust samkvæmt bráðabirgðatölum um nemendafjölda eru 75 fleiri nemendur núna en á síðasta ári sem eykur starfsmannþörf um u.þ.b. 10 stöðugildi.

Í stöðumati frá 14. ágúst 2019 vantaði í grunnskólana 40 stöðugildi, þar af 8,2 stöðugildi kennara, 16,8 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 14 stöðugildi skólaliða og 1 stöðugildi þroskaþjálfara.

Í stöðumati frá 12. september 2018 vantaði 16,5 stöðugildi alls, 8,3 stöðugildi kennara, 3,2 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 3 stöðugildi skólaliða og 2 stöðugildi í önnur störf

Í september 2019 er búið að ráða í 99% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í samantekt frá 12 september 2018 var búið að ráð í 99,3 % stöðugilda.

### **Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar**

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 96 starfsmenn í 41,7 stöðugildi. Yfirleitt er um 50% störf að ræða. Af 41,7 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 14,7 stöðugildi með fötluðum börnum og ungmönnum og eru það 42 starfsmenn.

Í stöðumati frá 14. ágúst 2019 vantaði í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar 206 starfsmenn í 102,5 stöðugildi.

Í stöðumati frá 12. september 2018 vantaði 128 starfsmenn í 64 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Um miðjan september 2019 var búið að ráða í 91% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 12. september 2018 var búið að ráða í 82,1% stöðugilda.

Þann 16. september var búið að sækja um fyrir 4.241 barn í frístundaheimili og 146 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 4.387 umsóknir. Á biðlista eru núna 174 börn, búið er að samþykkja 4.189 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvum þar af 169 í hlutavistun. Flest börnin sem eru á biðlista eru börn úr 4. bekk. Reglur um þjónustu frístundaheimila gera ráð fyrir því að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar þá sé litið fyrst til forgangshópa síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum dvöl þá stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.

Ráðningar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.